

Fundargerð

1. fundur svæðisráða um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum.
1. apríl 2019 kl. 13.00 á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík

Mætt:

Stefán Gíslason formaður svæðisráða, stýrði fundi.

Austfirðir: Jón Björn Hákonarson (JBH) (á fjarfundi), Erla Sigríður Gestsdóttir, Ásta Þorleifsdóttir, Skarphéðinn Smári Þórhallsson og Arnór Snæbjörnsson (varamaður Ástu Einarsdóttur sem boðaði forföll).

(Elfa Hlín Pétursdóttir boðaði forföll (varamaður, Jón Þórðarson boðaði forföll). Gauti Jóhannesson boðaði forföll (varamaður, Kári Snær Valtingojer boðaði forföll)).

Vestfirðir: Þorgeir Pálsson (á fjarfundi), Lilja Magnúsdóttir, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, Arnór Snæbjörnsson, Erla Sigríður Gestdóttir, Ásta Þorleifsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson (AÓ).

Frá Skipulagsstofnun: Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (ÁHT), Ester Anna Ármannsdóttir (EEÁ) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (fundarritari).

Gestur (á hluta fundar): Óli Halldórsson, forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga.

Dagskrá fundar:

1. Lög um skipulag haf- og strandsvæða og gerð strandsvæðisskipulags

EEÁ kynnti lög um skipulag haf- og strandsvæða og gerð strandsvæðisskipulags þar sem m.a. var fjallað um stjórn skipulagsmála, stefnu um skipulag haf- og strandsvæða, strandsvæðisskipulag og samráð við gerð þess. Rætt var um aðkomu aðliggjandi sveitarfélaga að gerð strandsvæðisskipulags. Fram kom að í samræmi við 7. gr. laganna muni svæðisráð hafa sérstakt samráð við viðkomandi sveitarfélög um samræmingu skipulags strandsvæða og skipulagsáætlana samkvæmt skipulagslögum og við hafnarstjórnir vegna hafnarsvæða.

2. Erlendar fyrirmyndir í skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum

ÁHT kynnti þróun hafskipulagsgerðar. Fjallaði um alþjóðlega þróun og sýndi erlend dæmi um haf- og strandsvæðisskipulag í mismunandi mælikvarða, flokkun svæðisnota í hafskipulagi og skipulagsferli.

3. Kynning á íslenskum verkefnum

- **Nýtingaráætlun Arnarfjarðar.**
AÓ kynnti Nýtingaráætlun Arnarfjarðar og fór m.a. yfir helstu hvata að verkefninu, markmið og þá lærdóma sem helst má draga af ferlinu m.a. varðandi mikilvægi greiningar á hagsmunaaðilum og drifkröftum sem liggja að baki skipulagsgerðinni. (Nýtingaráætlun Arnarfjarðar er aðgengileg á vefsíðu [Vestfjarðastofu](#)).
- **Vefsjá Fjarðabyggðar um nýtingu hafsvæða.**
JBH kynnti vinnu Fjarðabyggðar við kortlagningu á nýtingu hafsvæða og vefsjá sem er afurð þeirrar vinnu. Rætt var um lærdóma af vinnunni, meðal annars varðandi afmörkun fiskeldissvæða og þá kosti sem felast í að kortleggja fjölbreytta þætti, bæði í fjörðunum, en einnig á aðliggjandi landsvæðum. (Vefsjain er aðgengileg á [fjardabyggd.is](#)).
- **Svæðisbundin stýring hafsvæða – Raundæmið Skjálfandi.**

Óli Halldórsson kynnti rannsóknarverkefni um svæðisbundna stýringu við Skjálfanda þar sem m.a. var fjallað um ólíka nýtingu hafsvæða, fiskveiðar, ferðaþjónustu, lagaumhverfi, vinnulag o.fl. (Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu Þekkingarnets Þingeyinga, [hac.is](https://www.hac.is)).

4. Ferlið og hlutverk svæðisráða

EAÁ kynnti grófa hugmynd að ferli við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum, mögulegan tímaramma og framvindu, en lagt er til að vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum verði unnin samhliða og fylgi sömu tímalínu.

- Bent var á mögulega tengingu svæðisráða við samráðsnefnd sem mælt er fyrir um í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fiskeldi.
- Rætt var um samráðshópa, hlutverk þeirra og tengsl við svæðisráð. Áréttað að ráðherra skipar í samráðshópa en að svæðisráð geta tilnefnt aðila í samráðshópa.
- Rætt var um fjármál svæðisráða. Fjárhagslegt forræði liggur hjá Skipulagsstofnun. AÓ benti á möguleikann á að leita til aðila á svæðunum, svo sem náttúrustofa og heilbrigðiseftirlita.
- Samþykkt var að fundargerðir svæðisráða verði samþykktar við lok hvers fundar.
- Samþykkt var að nota Teams til að halda utan um fundargerðir og gögn svæðisráða. Bent var á að æskilegt væri að varamenn hafi einnig aðgang að gögnum.
- Rætt var um tilnefningar svæðisráða í samráðshópa. Ákveðið að fulltrúar sveitarfélaga kanni vilja fyrir því og geri grein fyrir tilnefningum með tölvupósti til formanns, ekki síðar en mánudaginn 8. apríl.
- Tímasetning næsta fundar verður ákveðin í gegnum Doodle.
- Ákveðið var að gera undantekningu á samþykki fundargerðar í lok fundar. Fundargerð verður samþykkt með tölvupósti.

Fleira var ekki gert, fundi slitið 15.30.